Reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa

1. gr.
Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfs- og stýrihópa í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem skipaðir eru til að vinna verkefni sem eru skilgreind skv. erindisbréfi og starfa í afmarkaðan tíma. Reglurnar gilda um hópa sem eru skipaðir kjörnum fulltrúum og um hópa skipaða starfsmönnum.

2. gr.
Hlutverk

Hlutverk stýrihópa er að sinna stefnumótun og hlutverk starfshópa er að sinna framkvæmd. Stýrihópar eru eingöngu skipaðir kjörnum fulltrúum og starfshópar eru eingöngu skipaðir starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn geta verið stýrihópum til ráðgjafar. Heimilt er að skipa bæði kjörna fulltrúa og starfsmenn í starfshóp, ásamt fulltrúum utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

3. gr.
Ábyrgð

Borgarstjóri getur í umboði borgarráðs stofnað stýrihópa sem kjörnir fulltrúar sitja í. Borgarstjóri, borgarritari, sviðsstjórar og skrifstofustjórar geta stofnað starfshópa.

Borgarstjórn og borgarráð geta falið borgarstjóra að skipa starfs- og stýrihópa og fagráð geta falið sviðsstjóra að stofna starfshópa. Fagráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og vinnuhópa til borgarráðs.

Ábyrgðarmenn bera ábyrgð á starfsemi þeirra hópa sem þeir stofna, skilum þeirra og því að kynna þeim þessar reglur. Ábyrgðarmenn bera ábyrgð á að mál sé stofnað í skjalakerfi Reykjavíkurborgar um störf hópsins og á því að kynna niðurstöður hans fyrir viðkomandi fagráði, borgarráði og öðrum eftir því sem við á.

4. gr.
Útgáfa erindisbréfa

Gera skal erindisbréf fyrir alla stýri- og starfshópa. Erindisbréf stýrihópa skulu samþykkt í borgarráði eða í viðkomandi fagráði. Erindisbréf starfshópa borgarstjóra skulu kynnt í borgarráði. Erindisbréf starfshópa sviðsstjóra skulu kynnt í viðkomandi fagráði.

Erindisbréf skulu innihalda eftirfarandi:

- Heiti hóps
- Ábyrgðarmann
- Starfsmann
- Hlutverk hóps
- Helstu verkefni hóps
- Skipan
- Upplýsingar um ráðgjöf og samstarf
- Starfstímabil og skil
- Undirritun ábyrgðarmanns.

5. gr.
Tilnefningar

Borgarráð tilnefnir í stýrihópa.

Ábyrgðarmaður óskar eftir tilnefningum í starfshóp. Þegar starfshópur er myndaður þvert á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar skal ábyrgðarmaður ákveða hvaðan formaður og starfsmaður koma áður en óskað er eftir tilnefningum. Í slíkum hópum skal starfsmaður koma frá sama fagsviði eða skrifstofu og formaður.

Við skipun stýri- eða starfshópa skal þess gætt að hlutfall kynja sé sem jafnast. Þegar óskað er eftir tilnefningum í stýri- eða starfshópa skal beðið um bæði karl og konu og gætt að ákvæðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

6. gr.
Verkaskipting í hópastarfi

Formaður boðar til funda í stýri- og starfshópum ásamt því að stýra bæði starfi og fundum. Formaður ber ábyrgð á skilum starfshóps gagnvart ábyrgðarmanni og óskar eftir breytingum á erindisbréfi starfshóps s.s. vegna verkefnis, ráðgjafar, tilnefninga eða skilafrests ef þess gerist þörf.

Starfsmaður hóps ritar fundargerðir í umboði formanns hópsins og annast varðveislu þeirra og frágang í samræmi við almennar reglur Reykjavíkurborgar um meðferð skjala. Starfsmaður hópsins annast undirbúning og frágang funda auk annarra verka sem formaður felur honum.

7. gr.
Skrá yfir hópa

Halda skal skrá yfir starfshópa á hverju fagsviði og skrifstofu í miðlægri stjórnsýslu.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar 13. mars 2015

Sóley Tómasdóttir Helga Björk Laxdal